



Vopnafjörður

Fundargerð hreppsnefndar 15. júní 2018

Fundur

Fundur nr. 1 kjörtímabilið 2018 – 2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps föstudaginn 15. júní 2018 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Sigríður Bragadóttir, Stefán Grímur Rafnsson, Bárður Jónasson, Ingólfur Daði Jónsson, Axel Örn Sveinbjörnsson, Bjartur Aðalbjörnsson og Sigríður Elva Konráðsdóttir.

Einnig mættur Magnús Már Þorvaldsson sem ritaði fundargerð.

Bárður Jónasson, sem er sá kjörni fulltrúi sem á að baki lengstu setu í sveitarstjórn, setti fyrsta fund nýkjörinnar sveitarstjórnar og bauð nýja sveitarstjórnarmenn velkomna til starfa.

Að svo búnu var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. 1. Almenn mál:

1. Bréf kjörstjórnar Vopnafjarðarhrepps dags. 5. júní 2018

Lagt fram bréf kjörstjórnar Vopnafjarðarhrepps frá 5. júní sl. þar sem fram kemur að í sveitarstjórnarkosningum laugardaginn 26. maí 2018 voru þrír listar í framboði á Vopnafirði:

B-listi Framsóknarfélags Vopnafjarðar og óháðra, Æ-listi Betra Sigtún og S-listi Samfylkingar. Á kjörskrá í Vopnafjarðarhreppi voru 497 kjósendur og kusu 86,32 %. Úrslit kosninganna urðu á þann veg að B-listinn fékk 156 atkvæði og 3 fulltrúa kjörna, Æ-listi fékk 150 atkvæði og 2 fulltrúa kjörna og S-listi fékk 112 atkvæði og 2 fulltrúa kjörna.

Auðir og ógildir seðlar voru 11.

Fulltrúar fyrir hvern lista eru sem hér segir:

B-listi Framsóknarflokks og óháðra Vopnafirði:

Aðalmenn: Sigríður Bragadóttir, Bárður Jónasson og Axel Örn Sveinbjörnsson.

Varamenn: Þuríður Björg Wium Árnadóttir, Sigurjón Haukur Hauksson og Fanney Björk Friðriksdóttir.

Ð-listi Betra Sigtún:

Aðalmenn: Stefán Grímur Rafnsson og Íris Grímsdóttir.

Varamenn: Teitur Helgson og Ragna Lind Guðmundsdóttir.

S-listi Samfylkingar:

Aðalmenn: Bjartur Aðalbjörnsson og Björn Heiðar Sigurbjörnsson.

Varamenn: Sigríður Elva Konráðsdóttir og Árný Birna Vatnsdal.

1. Kosning oddvita sveitarstjórnar til eins árs

Gengið var til kosninga um oddvita sveitarstjórnar til eins árs. Tillaga kom fram um Sigríði Bragadóttur.

Engar aðrar tillögur komu fram.

Fyrirliggjandi tillaga var síðan borin undir atkvæði og samþykkt með 5 atkvæðum Stefáns Gríms, Bárðar, Ingólfs Daða, Axels Arnar og Sigríðar Bragadóttur. Hjá sátu 2 og voru Bjartur og Sigríður Elva.

Nýkjörinn oddviti Sigríður Bragadóttir tók síðan við fundarstjórn sem oddviti sveitarstjórnar.

1. Kosning 1. varaoddvita og 2. varaoddvita til eins árs

Gengið var til kosninga um 1. og 2. varaoddvita sveitarstjórnar. Tillaga kom fram um Stefán Grím Rafnsson sem 1. varaoddvita.

Engar aðrar tillögur komu fram.

Fyrirliggjandi tillaga um 1. varaoddvita samþykkt með 5 atkvæðum Bárðar, Ingólfs Daða, Axels Arnar, Sigríðar Bragadóttur og Stefáns Gríms. Hjá sátu 2 og voru Bjartur og Sigríður Elva.

Tillaga kom fram um Bárð Jónasson sem 2. varaoddvita.

Fyrirliggjandi tillaga um 2. varaoddvita samþykkt með með 5 atkvæðum Stefáns Gríms, Ingólfs Daða, Axels Arnar, Sigríðar Bragadóttur og Bárðar. Hjá sátu 2 og voru Bjartur og Sigríður Elva.

1. Ráðning sveitarstjóra

Oddviti gerði grein fyrir málinu og lagði fram tilboð frá Capacent og Hagvangi um ráðningu sveitarstjóra. Samhljóða samþykkt að fela oddvita að ræða við Capacent um tilboðið á ráðningu sveitarstjóra. Tekið fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar.

1. Kosning aðal- og varafulltrúa í kjörstjórn (aðalmenn: 3, varamenn: 3)

Tillaga kom fram um eftirfarandi aðalmenn: Signý Björk Kristjánsdóttir, Heiðbjört Antonsdóttir og Jóhann Már Róbertsson.

Tillaga kom fram um eftirfarandi varamenn: Sórún Dögg Baldursdóttir, Stefán Guðnason og Birna Einarsdóttir.

Tillagan samhljóða samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:26.